



Dagsferð - erfiðleikastig 1 skór



Léttar og stuttar ferðir: Stuttar dagleiðir, 4 - 6 klst. Mest gengið á sléttlendi. Engar eða litlar ár. Léttur dagpoki. Flestum fært.

Nauðsynlegur búnaður er meðal annars:

- Góðir skór sem ætlaðir eru til dagsferða og jafnvel göngustafir.
- Bakpoki (dagpoki) gott að hann sé með bakpokahlíf
- Sólgleraugu, sólarvörn og varasalvi
- Sjúkragögn: Hælsærisplástur og annað smálegt
- Viðeigandi fatnaður, húfa, vettlingar, hlífðarföt og regnföt
- Vatn/drykkir og nesti til dagsins (einnig göngunasl)
- Alltaf gott að hafa í bakpokanum: Flugnanet, legghlífar, auka sokkar og buff